

Tilmæli 7/2023
Tillaga A1930/UKK
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit um pólítískt samráð um samnorrænt átak um píligrímsleiðir (tilmæli 7/2023)

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð líti svo á, að loknu pólítísku samráði, að afgreiðslu tilmæla 7/2023 sé lokið.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að stuðla að eflingu samstarfs um norrænar píligrímsleiðir og skapa grundvöll fyrir samnorrænt átak í tengslum við píligrímsleiðir, helst í samstarfi við þá aðila sem þegar starfa á þessu sviði.

Pólítískt samráð

Norræna þekkingar- og menningarnefndin átti pólítískt samráð um tilmæli 7/2023 um samnorrænt átak um píligrímsleiðir á samráðsfundi með ráðherranefndinni um menningarmál (MR-K) miðvikudaginn 30. október.

Veronika Honkasalo nefndarformaður hóf umræðurnar um tilmælin og efni þeirra.

Parisa Liljestrand, menningarmálaráðherra Svíþjóðar og formaður ráðherranefndarinnar um menningarmál, þakkaði nefndinni fyrir tækifærið til að eiga samræður um norrænt átak um píligrímaleiðir.

Hún talaði um sóknarfærin í því að þróa menningartengda ferðaþjónustu á Norðurlöndum og að píligrímaleiðir væru dæmi um sjálfbæra ferðamennsku af því tagi. Hún félli einnig að stefnumiðum ráðherranefndarinnar um grænt, jafnréttismiðað og inngildandi menningarlíf fyrir alla.

Formaðurinn nefndi einnig aukinn áhuga á ferðum í sporum píligríma um alla Evrópu og áætlun Evrópuráðsins um menningarferðir sem næðu t.d. til ýmissa leiða sem tengjast bæði andlegum og veraldlegum málefnum, m.a. á Norðurlöndum.



Með því að Evrópuráðið hefur komið á kerfi menningarferða með tengiliðum í stjórnsýslu allra aðildarlandanna taldi formaðurinn að hliðstætt norrænt kerfi þjónaði ekki tilgangi að svo stöddu.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð líti svo á, að loknu pólitísku samráði, að afgreiðslu tilmæla 7/2023 sé lokið.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

Kristján Þórður Snæbjarnarson (Sf)

Kirsti Leirtrø (A)

Lars Mejern Larsson (S)

Nina Fellman (S)

Per Husted (S)

Marko Kilpi (saml)

Noora Fagerström (saml)

Catarina Deremar (C)

Guðbrandur Einarsson (Vr)

Kathrine Kleveland (Sp)

Veronika Honkasalo (vänst)

Freddy André Øvstegård (SV)

Miko Bergbom (saf)

Victoria Tiblom (SD)

Helge André Njåstad (FrP)